

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Við 7. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Háskólaráð getur mælt svo fyrir í reglum um að undanþiggja megi auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur stunda við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.
- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal háskólaráð setja reglur. Sama á við um þá sem einöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.

Kennara má ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 2004.*

**Davíð Oddsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.*

# AUGLÝSING

## um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 12. maí 2004.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*